

FUNDARBOÐ

222. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 13. janúar 2022 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

- 1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**
Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.
- 2. 2111106 - Endurnýjaður samningur um nýtingu vatnsbóls 2021**
Afgreiðsla 582. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita samninginn f.h. Borgarbyggðar, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar."
- 3. 1911012 - Yfirfærsla Borgarbrautar (531-01) frá Vegagerðinni til Borgarbyggðar**
Afgreiðsla 582. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Með framlögðum samningi færast vegurinn frá gatnamótum við Hringveg að Egilsgötu yfir til sveitarfélagsins, þar sem hann fellur úr tölu stofnvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 31. desember 2021 og verður sveitarfélagsvegur. Vegagerðin hefur annast vegahald vegarins samkvæmt tímabundinni heimild í vegalögum sem gildir út árið 2021. Frá og með 1. janúar 2022 tekur Borgarbyggð við vegahaldi, viðhaldi og þjónustu við veginn. Samkvæmt 3. gr. samningsins skal Vegagerðin fara í endurbætur á þeim kafla vegarins sem liggur frá Hlíðartúni að Egilsgötu í samvinnu við sveitarfélagið og Veitur fyrir lok ársins 2022. Þá verður farið í endurbætur á yfirborði með malbiki, endurnýjun regnvatnslagna og gangastétta meðfram veginum ásamt endurnýjun á hraðahindrunum og kantsteinum. Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita framlögð drög að samningi um skil á þjóðvegi í Borgarnesi til Borgarbyggðar, neðan gatnamóta við Hringveg að Egilsgötu, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.
- 4. 2112126 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatt1 2022**
Afgreiðsla 583. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu um ný tekjumörk vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti 2022."
- 5. 2001089 - Upplýsingamiðstöð Borgarbyggðar**
Afgreiðsla 27. fundar atvinnu - markaðs - og menningarmálanefndar: "Nefndin þakkar forsvarsmönnum Ljómalindar fyrir komuna á fundinn og fyrir greinagóðar upplýsingar um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar. Nefndin leggur til að sveitarstjórn endurnýji samninginn við Ljómalind fyrir árið 2022. Áfram verður skoðað með hvaða hætti upplýsingagjöf til gesta sveitarfélagsins verði háttáð til framtíðar."

6. 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna

Afgreiðsla 29. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir fyrstu loftslagsstefnu fyrir rekstur Borgarbyggðar og felur deildarstjóra umhverfis og framkvæmdamála að skila henni inn til Umhverfisstofnunar, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Loftslagsstefnu og tillögu að aðgerðaáætlun verður vísað til allra fastanefnda, fjallskilnefndar Borgarbyggðar, ungmennaráðs Borgarbyggðar og öldungaráðs Borgarbyggðar til umsagnar. Þegar umsagnir nefnda og ráða liggja fyrir mun Umhverfis- og landbúnaðarnefnd vinna endanlega aðgerðaáætlun."

7. 2112120 - Högnastaðir L134732 - stofnun lóðar vegstæði

Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila fyrirlagða stofnun lóðarinnar Högnastaðir vegsvæði."

8. 2201028 - Hvítárklif 9 L215277 - Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Húsafells III

Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: " Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Húsafells III, breytingin tekur til lóðarinnar Hvítárklifurs 9. Málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fallið verði frá grenndarkynningu þar sem samþykki landeiganda aðliggjandi lóða og lands liggur fyrir."

9. 2112001 - Þórdísarbyggð 20 L194005 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi Stangarholt

Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynnt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir landeigendum Stangarholts og lóðareigendum Þórdísarbyggð 19 og 21."

10. 2112118 - Norðtunga 3a L217947 - stofnun lóðar vegstæði

Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila fyrirlagða stofnun lóðarinnar Norðtunga 3a vegsvæði."

11. 2112117 - Norðtunga 3 L213343 - stofnun lóðar vegstæði

Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila fyrirlagða stofnun lóðarinnar Norðtunga 3 vegsvæði."

12. 2112085 - Ósk um umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: " Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við vinnslutillögu fyrir aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar."

- 13. 2009010 - Deiliskipulag golfvallar, íbúðar- og frístundalóða í landi Ness í Reykholtssdal**
Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirlagða tillögu að deiliskipulagi samkvæmt 42.gr. skipulagslaga 123/2010."
- 14. 2112119 - Síðumúli L134664 - stofnun lóðar vegstæði**
Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila fyrirlagða stofnun lóðarinnar Síðumúli vegsvæði."
- 15. 2108117 - Skógargata 6 L187690 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi Stekkjarás**
Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulagi Galtarholt 1 Stekkjarás. Breytingartillaga var sett fram í greinagerð og á uppdretti dags. 10.10.2021. Grenndarkynnt var fyrir nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum skv. 44. gr. skipulagslaga, engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010."
- 16. 2112121 - Fúsavatn L230944 - stofnun lóðar vegstæði**
Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila fyrirlagða stofnun lóðarinnar Fúsavatn vegsvæði."
- 17. 2103100 - Fjóluklettur 9-11 - L215392 - L215394 - BR. DSK**
Afgreiðsla 32. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjóra að samþykkja umræddar breytingar á deiliskipulagi er tekur til lóða við Fjóluklett 9a, 9b og 11. Málið fær málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Fallið er frá grenndarkynningu þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda."
- 18. 2105203 - Munaðarnes L134915 - Nýtt deiliskipulag Kotstekksás**
Afgreiðsla 33. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrirlagða tillögu að deiliskipulagi sem hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna sem bárust frá lögaðilum en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagið samkvæmt 42.gr. skipulagslaga 123/2010."
- 19. 2105064 - Mávaklettur 10 - breyting á aðalskipulagi**
Afgreiðsla 33. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan tekur til einnar lóðar, Mávaklettur 10 í Bjargslandi, Borgarnesi."
- 20. 2201004 - Mávaklettur 10 - Grenndarkynning byggingarleyfis**
Afgreiðsla 33. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd

leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar á breytingu aðalskipulags fyrir Mávaklett 10. Kynnt verði fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða í Mávakletti 9 - 16 og Súlukletti 6."

21. 2110012 - Hvanneyri - Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis

Afgreiðsla 33. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulag fyrir Flatahverfi á Hvanneyri til auglýsingar. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

22. 2111212 - Brákarhlíð akstursþjónusta

Afgreiðsla 122. fundar velferðarnefndar: "Velferðarnefnd samþykkir samning milli Borgarbyggðar og Brákarhlíðar um ferðaþjónustu fyrir aldraðra og fatlaða íbúa Brákarhlíðar og vísar til staðfestingar sveitarstjórnar."

23. 2112103 - Fjallskil 2021

Afgreiðsla fjallskilanefndar Kaldárbakka-og Mýrdalsréttar:
?Dagsverkin eru 72 og 80 kindur í dagsverki.
Fjallskilagjald pr. kind er kr 189.-
Heildarfjöldi fjár 5730 kindur.
Ákveðið var að dagsverkið væri metið á kr 15.000.-"

24. 2111053 - Afþreying í Einkunnum

Afgreiðsla Umsjónarnefndar fólkvangsins í Einkunnum: "Umsjónarnefnd Einkunna fagnar áhuga umsækjanda á að auka afþreyingarmöguleika í fólkvanginum Einkunnum. Verkefni falla vel að hlutverki fólkvangsins og samræmast markmiði með friðlýsingu svæðisins sem fólkvangur sem er að vernda jarðmyndanir og votlendi í þágu útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leyti með ákveðnum skilyrðum:

1. Ekki falli kostnaður á sveitarfélagið, enda hefur umsjónarnefnd Einkunna ekki heimildir til að stofna til kostnaðar f.h. sveitarfélagsins.
2. Skilgreina þarf svæðið sem umsækjandi fær til umráða með afstöðumynd. Umsækjandi skal skila inn afstöðumynd.
3. Verkefni verði unnin í sátt við aðra starfsemi sem þegar fer fram í Einkunnum.
4. Öll umgengni og frágangur verði í sátt við umhverfið og dregið verði úr neikvæðum áhrifum s.s. vegna hávaða frá rafstöð.
5. Gerður verði samstarfssamningur milli sveitarfélagsins og umsækjanda. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar."

25. 2007049 - Málefni Hugheima

Forseti sveitarstjórnar leggur til að Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri, fari í stjórn Hugheima í stað Sigurðar Guðmundssonar.

Fundargerð

26. 2112008F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 582

26.1 2111155 - Safnahúss Sólbakka 15 munageymsla

- 26.2 1911012 - Yfirfærsla Borgarbrautar (531-01) frá Vegagerðinni til Borgarbyggðar
- 26.3 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir
- 26.4 2102057 - Öryggismál í biðskýlum
- 26.5 2002119 - Endurskoðun ASK 2010-2022
- 26.6 2111106 - Endurnýjaður samningur um nýtingu vatnsbóls 2021
- 26.7 2112071 - Nýjar atvinnulóðir í Borgarbyggð
- 26.8 2003174 - Samstarf um óhagnaðardrifið íbúðarhúsnæði
- 26.9 2109021 - Fyrirspurn út í verðlagningu á ljósleiðara til Neyðarlínunnar
- 26.10 2112023 - Tilkygning um kæru - Guðsteinn Einarsson ÚNU21120003
- 26.11 2112046 - Bæjarkirkjugarður - umsókn um styrk
- 26.12 2112032 - Aðalfundur Grundartanga ehf. - Þróunarfélags 20. desember 2021
- 26.13 2112066 - Beiðni um styrk til Þróunarfélags Grundartanga 2022-2024
- 26.14 2109006 - Almannaþing Vesturlands - fundargerðir
- 26.15 2012013 - Hluthafafundir og stjórnarfundir Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. á árinu 2021
- 26.16 2102005 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2021
- 26.17 2010147 - Hafnasamband Íslands_fundargerðir
- 26.18 2112065 - Fundir byggðarráðs í kringum jól og fram yfir nýár

27. 2201001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 583

- 27.1 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir
- 27.2 2003174 - Samstarf um óhagnaðardrifið íbúðarhúsnæði
- 27.3 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna
- 27.4 2103094 - Starfsmannamál 2021
- 27.5 2112126 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatt1 2022
- 27.6 2111160 - Valfell - leyndur galli
- 27.7 2004060 - Krafa um skaðabætur v. líkamstjóns
- 27.8 2001067 - Mælímastur Grjótháls - framkvæmdaleyfi_umsókn
- 27.9 2112094 - Umsókn um lóð - Stöðulsholt 38 - 40
- 27.10 2112123 - Umsókn um lóð - Melabraut 2a
- 27.11 2112095 - Umsókn um lóð - Melabraut 2a og 2b
- 27.12 2112097 - Umsókn um lóð - Fjóluklettur 8
- 27.13 2112056 - Nýframkvæmdir og viðhaldspörf hafna 2021-2031
- 27.14 2112058 - Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjárlagafrumvarp 2022
- 27.15 2102005 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2021
- 27.16 2106113 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2021

28. 2201005F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 584

- 28.1 2004072 - Lækkun gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur

29. 2112006F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 29

- 29.1 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna
- 29.2 2112035 - Sorphirðudagatal 2022
- 29.3 2106073 - Söfnun dýraleifa - gjaldskrá
- 29.4 2112064 - Deild umhverfis-og framkvæmdamála- staða mála í desember

30. 2201004F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 122

- 30.2 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna
- 30.3 2111212 - Brákarhlíð akstursþjónusta
- 30.4 2102090 - Aldan húsnæðismál
- 30.5 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

31. 2112007F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 31

- 31.1 2112089 - Skýrsla samskiptastjóra
- 31.2 2107033 - Starfs- og fjárhagsáætlun - Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd
- 31.3 2112090 - Fyrirtækjaping 2022
- 31.4 2112091 - Viðburðadagatal Borgarbyggðar
- 31.5 2112127 - Umsókn um samstarfssamninga vegna hátíða - Föstudagurinn Dimmi

32. 2112016F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 32

- 32.1 2009010 - Deiliskipulag golfvallar, íbúðar- og frístundalóða í landi Ness í Reykholtssdal
- 32.2 1903005 - Sólbakki athafnarsvæði, breyting á Deiliskipulagi
- 32.3 2108117 - óv.br.dsk - L187690 - Stekkjarás - Skógargata 6
- 32.4 2112001 - Breyting á deiliskipulagi - Þórdísarbyggð 20 - L194005 -
- 32.5 2103100 - Fjóluklettur 9-11 - L215392 - L215394 - BR. DSK
- 32.6 2201028 - Hvítárklif 9 L215277 - Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Húsafells III
- 32.7 2112119 - Síðumúli L134664 - stofnun lóðar vegstæði
- 32.8 2112120 - Högnastaðir L134732 - stofnun lóðar vegstæði
- 32.9 2112121 - Fúsavatn L230944 - stofnun lóðar vegstæði
- 32.10 2112117 - Norðtunga 3 L213343 - stofnun lóðar vegstæði
- 32.11 2112118 - Norðtunga 3a L217947 - stofnun lóðar vegstæði
- 32.12 2110122 - Berugata 4 - Stækkun lóðar - Lóðarleigusamningur
- 32.13 2112085 - Ósk um umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032
- 32.14 2102060 - Verkefnaráð vegna Holtavörðuheiðarlinu 1
- 32.15 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna
- 32.16 2001067 - Mælimastur Grjótháls - framkvæmdaleyfi_umsókn
- 32.17 2111213 - Brákarey - skipulag - 2021

32.18 2112010F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 188

33. 2201007F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 33.

33.1 2105064 - Mávaklettur 10 - breyting á aðalskipulagi

33.2 2201004 - Mávaklettur 10 - Grenndarkynning byggingarleyfis

33.3 2110012 - Hvanneyri - Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis

33.4 2105203 - Munaðarnes L134915 - Nýtt deiliskipulag Kotstekksás

34. 2112013F - Fjallskilanefnd Kaldárbakka - og Mýrdalsréttar - 28

34.1 2112103 - Fjallskil 2021

34.2 2112104 - Réttardagar Mýrdalsrétt

12.01.2022

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.